

Álit um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa

Innviðaráðuneyti / 1.5.2023 16:58

Álit um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa

Ef íbúafjöldi í sveitarfélaga er undir 250 við sveitarstjórnarkosningar árið 2022 eða 1.000 við sveitarstjórnarkosningar árið 2026 ber sveitarstjórn hefja formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög eða skila álitum til innviðaráðuneytis um stöðu og getu sveitarfélagsins til þess að sinna lögbundnum verkefnum innan árs frá sveitarstjórnarkosningum. Með hliðsjón af því er þess farið á leit að sveitarstjórn veiti eftirfarandi álit í samræmi við umbeðnar upplýsingar ráðuneytisins. Óskað er eftir að álitid berist ráðuneytinu eigi síðar en 14. maí 2023.

Sveitarfélag

Heiti sveitarfélags

Tjörneshreppur

Vinsamlega veljið nafn sveitarfélags í flettistiku til að fá fram upplýsingar um aldursdreifingu og kyn íbúa til samanburðar við meðaltal á landinu öllu.

Hverjar eru horfur innan sveitarfélagsins hvað varðar fjölgun/fækkun íbúa til ársins 2040?

Horfur eru þokkalegar, í það minnsta ekki lakari en á öðrum svæðum hér í nágrenninu. Frá 1970 til 1985 um það bil endurnýjaðist búseta hér í hreppnum á mörgum jörðum, sér í lagi þeim stærstu. Sömu íbúar búa á þessum jörðum í dag flestum, þó ætliðaskipti hafi orðið á fáeinum. Ljóst er að innan fárra ára munu margar jarðir hér í hreppnum skipta um eigendur og vonandi komi hingað inn fjölskyldufólk, frekar en að núverandi íbúari ákveði að leggja eignir sínar í eyði eins og reyndar er alltof algengt á landsbyggðinni.

Hverjir eru veigamestu áhrifaþættirnir í þessari þróun?

Það hefur langmest að segja hvað núverandi íbúar ákveða. Jarðir hér eru á verðbili sem viðráðanlegt er að fjármagna fyrir venjulegt tekjufólk og atvinnuþögnuleikar eru með ágætum nú um stundir. Þá er uppbygging ferðaþjónustu ekki komin langt í hreppnum og mikil sóknarfæri þar. Ef núverandi íbúar í eldri kanntinum ákveða að selja eignir sínar en ekki hanga á þeim fram í andlátid eða því sem næst þá munu byggð hér blómstra sómasamlega á næstu árum. Ríkisvaldið gæti auðveldlega gert sitt til þess að koma í veg fyrir eyðibýlaþróunina sem hefur verið mikil síðustu áratugi en hingað til hefur ekki verið mikill áhugi á því.

ATVINNA og HÚSNÆÐI

Atvinnulíf – fjöldi starfa, atvinnuleysi, laus störf, áform um uppbyggingu/fjölgun starfa til ársins 2040.

Tölur um atvinnuleysi sýna einn skráðan einstakling á skrá í mars 2023. Atvinnulífið snýst hér að mestu um annaðhvort eigin rekstur á sínum jörðum eða vinnu utan heimilis sem líkast til er stærsti atvinnuvegurinn. Oft blandast þetta saman. Ekki er útlit fyrir breytingu þar á, flestir sækja vinnu til Húsavíkur eða annað utan heimilis. Fjölgun starfa helst alfarið í hendur við hvernig eignarhald á jarðnæði verður fyrirkomið á næstu árum. Ef fólk kys að leggja í eyði segir það sig sjálft, ef nýtt fólk kemur inn sem byggir upp á jörðunum er farmtíðin björt.

Íbúðir – framboð, eftirspurn, lausar íbúðir, áform um byggingu til ársins 2040.

Allt jarðnæði í hreppnum er í einkaeign og sjá eigendurnir sjálfir um að áætla hversu mikið húsnæði er nauðsynlegt á sínum jörðum. Búið er að gera húsnæðisáætlun í samstarfi við HMS.

SÉRSTAÐA SVEITARFÉLAGSINS

Almenn einkenni/áhersla í sveitarfélaginu.

Áhersla sveitarfélagsins er aðhald í rekstri til þess að íbúarnir fái að njóta þess með lágri skattheimtu og það sem mikilvægara er, þeim búsetugæðaaugandi úrræðum sem við höfum ráð á að fara í hverju sinni sem ekki er fyrir að dreifa hjá nágrönnunum. Til dæmis vorum við annað af tveimur sveitarfélögum sem fyrst voru að leggja ljósleiðara hér í öllum hreppnum og gerðum það á eigin kostnað og fengum ekkert framlag frá ríkinu til þess. Nú síðast lögðum við varmadælur í hús hjá þeim íbúum sem þess kusu, alfarið á kostnað hreppsins. Þetta hafa nágrannar okkar ekki ráð á.

Samfélagsleg sérstaða.

Ekki mikil í sjálfu sér, bara venjulegt fólk sem lifir venjulegu lífi.

Landfræðileg sérstaða, t.a.m. náttúruvá.

Helst að það geti komið miklir vindar hérna, án þess þó að þeir hafi valdið neinu verulegu tjóni í minni tíð. Allir eru löngu búnir að gera ráðstafanir í þá veru.

Auðlindir.

Það er heitt vatn hér í jörðu en erfitt er að nálgast það vegna eignarhaldsins á jarðnæðinu sem besta vantið fannst á. Annars engar sérstakar auðlindir sem ekki eru í flestum byggðum landsins sem eru við sjávarsíðuna.

FJÁRHAGSLEG VIÐMIÐ - A-HLUTI

Heiti sveitarfélags

Tjörneshreppur

Vinsamlega veljið viðeigandi sveitarfélag í flettistiku, yfirfarið og færið inn athugasemdir og ábendingar í athugasemdasvæðið að neðan ef þörf er á.

Athugasemdir vegna forskráðra upplýsinga um fjárhag sveitarfélagsins

Það eru til nýrri tölur, en þetta lítur út fyrir að vera nærri lagi. Sameiginlegur kostnaður er hátt hlutfall vegna fjárfestinga til búsetugæðaaukandi framkvæmda, einskiptis.

LÖGBUNDIN VERKEFNI

Íslensk sveitarfélög bera ábyrgð á hátt á áttunda tug lögbundinna verkefna. Vinsamlega gerið grein fyrir því hvort neðangreind lögbundin verkefni eru á hendi:

Sveitarfélagsins sjálfs,
annars sveitarfélags sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga,
byggðasamlags sbr. 93. - 95. gr. sveitarstjórnarlaga, eða,
eru unnin á grundvelli annars konar samvinnu, t.d. á grundvelli samstarfssamnings sbr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga eða annarrar lögbundinnar samvinna.
Verkefnið eigi ekki við, t.a.m. vegna legu sveitarfélagsins.

Með því að færa tölvubendil yfir spurningamerkið () er hægt að kalla fram viðeigandi lög með nánari upplýsingum um viðfangsefni.

FJÖLSKYLDA, VELFERÐ OG JAFNRÉTTI

FÉLAGSÞJÓNUSTA	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
FJÁRHAGSAÐSTOÐ	Sveitarfélagið
FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
MÁLEFNI ALDRAÐRA	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Norðurþing, Þingeyjarsveit
MÁLEFNI FÓLKS MEÐ FÖTLUN	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
STUÐNINGSPJÓNUSTA	Sveitarfélagið
VÍMUVERNIR OG AÐSTOÐ VIÐ EINSTAKLINGA MEÐ FÍKNIVANDA	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
AÐSTOÐ VIÐ ERLENDA RÍKISBORGARA	Sveitarfélagið
TÚLKAÞJÓNUSTA	Sveitarfélagið
JAFNRÉTTISMÁL	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttáð í sveitarfélaginu?
Félagsþjónusta, fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf
Málefni aldraðraMálefni fólks með fötlun
StuðningsþjónustaVímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivandaAðstoð við erlenda ríkisborgaraTúlkajónustaJafnréttismál

Þjónusta sveitarfélagsins

Félagsþjónusta Norðurþings, tekur að sér verkefni tengt almennri og sértækri félagsþjónustu, félagsráðgjöf, málefni aldraða (að hluta, töluvert á hendi hreppsins líka), málefni fatlaðra, stuðningsþjónustu og vímuvarnir fyrir okkur, Langanesbyggð og Þingeyjarsveit. Áður var þetta samrekstur allra sveitarfélaganna en síðan 2006 hefur Norðurþing einfaldlega tekið þessa þjónustu eins og hún leggur sig.

Aðstoð við erlenda ríkisborgara og túlkun þeim tengt hefur aldrei reynt á en mundi verða sinnt af oddvita hreppsins ef þörf er á.

Jafnréttisstefna er virk í sveitarfélaginu og er á forræði þess.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Samtalið við Félagsþjónustu Norðurþings er virkt og samstarfssamningur uppfærður með reglulegu millibili. Tjörneshrepp er gefinn að sjálfsögðu kostur á að koma sínum athugasemdum að í þeim viðræðum og hefur gengið mjög vel.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Engin breyting, yrði eftir sem áður í höndum sömu starfsmanna hjá sömu stofnun í tilfalli Félagsþjónustunnar.

Í öðrum tilfellum yrði þjónustan svipuð en sennilega í höndum annarra einstaklinga en nú er.

HÚSNÆÐISMÁL

LÖGBUNDIN VERKEFNI Á SVIÐI HÚSNÆÐISMÁLA	Sveitarfélagið
SÉRSTAKUR HÚSNÆÐIS-STUÐNINGUR	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?
Lögbundin verkefni á sviði húsnæðismála
Sérstakur húsnæðisstuðningur

Þjónusta sveitarfélagsins

Það hefur nú aldrei reynt á þetta með sérstaka húsnæðisstuðninginn. En ef til þess kemur mundi skrifstofa oddvita sjá um þetta eins og mörg önnur verkefni sem til falla.

Húsnæðismálin eru á sömu hillu og allt gert í samræmi við tilmæli HMS og stundum í samtarfi við þá stofnun.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Á ekki við.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Nei, engin breyting.

BÖRN OG FRÍSTUNDIR

LEIKSKÓLAR	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
FRÆÐSLUSKRIFSTOFA	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
GRUNNSKÓLAR	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
FRÍSTUNDAHEIMILI	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
MÁLEFNI BARNNA OG UNGMENNA	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
ÞJÓNUSTA VIÐ UNGLINGA	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
ÆSKULÝÐSMÁL	Á ekki við
Skýring	Æskulýðsmál eru í ýmsum farvegi hér. Hjá HSP, Völsungi, Hestamannafélögum eða öðrum þessháttar fyrirbærum.
ALMENNINGSBÓKASÖFN	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Norðurþing, Þingeyjarsveit, Langanesbyggð

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Leikskólar
Fræðsluskrifstofa, grunnskólar
Frístundaheimili
Málefni barna og ungmenna
Þjónusta við unglinga
Æskulýðsmál
Almenningsbókasöfn

Þjónusta sveitarfélagsins

Öll skólaþjónusta og önnur þjónusta beintengd henni er keypt af Norðurþingi samkvæmt samningi sem báðir aðilar eru sáttir við. Æskulýðsmál eru ekki fyrirferðarmikil hjá hreppnum en væri sinnt í gegnum skrifstofu oddvita og mögulega í samstarfi við önnur sveitarfélög, HSP og ef til vill fleiri kennitölur. Bókasafnið er samrekið með öðrum sveitarfélögum.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Hreppurinn getur haft áhrif í gegnum samstarfssamning sinn við Norðurþing og hin sveitarfélögin sem endurnýjaður er reglulega.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Nei. Þá yrði þjónustan algerlega óbreytt.

MANNVIRKJA- OG SKIPULAGSMÁL

FASTEIGNAMAT	Á ekki við
Skýring	Sveitarfélagið kemur ekki að fasteignamati, en við leigjum þjónustu byggingarfulltrúa frá Norðurþingi sem uppfærir það sem þarf á þessu sviði eftir atvikum.
EFTIRLIT MEÐ MANNVIRKJAGERÐ OG LEYFISVEITINGAR	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing leigir þjónustu byggingarfulltrúa
FRAMKVÆMD UMHVERFISMATS	Sveitarfélagið
SKIPULAGSMÁL	Sveitarfélagið
VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ	Á ekki við
Skýring	Ekkert slíkt í hreppnum, annars væri það á hendi hreppsins
SAMRÁÐ VIÐ FÉLÖG Í FRÍSTUNDBYGGÐ	Á ekki við
Skýring	Ekkert slíkt í hreppnum, annars væri það á hendi hreppsins

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?
Fasteignamat, eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar, eignaskiptayfirlýsingar
Framkvæmd umhverfismats, skipulagsmál
Verndarsvæði í byggð
Samráð við félög í frístundabyggð

Þjónusta sveitarfélagsins

Við leigjum þjónustu byggingarfulltrúa samkvæmt samstarfssamning og sinnir hann öllu því sviði eftir þörfum, s.s. útgáfu byggingarleyfa, byggingarúttektir, samskipti við HMS og fleira í þeim dúr.

Skipulagsmál eru svo hjá hreppnum og eru unnin í samtarfi við Verkís verkfræðistofu um þessar mundir, hvað svo framtíðin ber í skauti sér.

Verndarsvæði og frístundabyggðir eru ekki í hreppnum en yrði sinnt af honum til þess komi.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Hreppurinn hefur öll tók á því að hafa áhrif í gegnum endurnýjun samstarfssamningsins sem er framkvæmdur reglulega.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Engin breyting, sama fólk að veita sömu þjónustu nema ef vera skyldi verkfræðistofan sem verslað er við hverju sinni á sviði skipulagsmála.

ÖRYGGISMÁL

ALMANNAVARNIR	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Sameiginlega almannavernd eru í Þingeyjarsýslu og Eyjafirði
BRUNAVARNIR OG BRUNAMÁL, Þ. Á M. SLÖKKVILIÐ	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Norðurþing
SJÓVARNIR	Á ekki við
Skýring	Engin sjósókn frá hreppnum lengur
VARNIR GEGN SNJÓFLÓÐUM OG SKRIÐUFÖLLUM	Á ekki við
Skýring	Engin fjöll hér nálægt byggð, það yrði þá að vera Nóaflóð ef einhver verður fyrir einhverskonar þessháttar tjóni hér.

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Almannavarnir
Brunavarnir og brunamál, þ.á m. slökkvilið
Sjóvarnir
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Þjónusta sveitarfélagsins

Almannavarnir eru útskýrðar vel hér að ofan. Brunavarnir og slökkvilið eru leigð af Norðurþingi.

Engin útgerð er frá hreppnum og því engar sjóvarnir.

Skriðuföll útskýrð vel að ofan.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing Hreppurinn hefur öll tök á því að hafa áhrif í gegnum endurnýjun samstarfssamningsins sem er framkvæmdur reglulega.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing Nei það yrði engin breyting, sama fólk að þjónusta.

UMHVERFISMÁL, DÝRAHALD O.FL.

SÖFNUN OG MEÐFERÐ ÚRGANGS OG SORPS	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Tjörneshreppur og Norðurþing hafa boðið út saman sorphirðu í Reykjahverfi, Húsavík og Tjörnesi
LANDGRÆÐSLA	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Búnaðarfélag Tjörness hefur séð um landgræðslu í hreppnum auk hvers og eins bónda fyrir sig
HEILBRIGÐISEFTIRLIT	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Heilbrigðiseftirlit er sameiginlegt í Þingeyjarsýslu og Eyjafirði
DÝRAVERND OG DÝRAVELFERÐ.	Á ekki við
Skýring	Mast sér um það
MEINDÝRAEYÐING ,DÝRAEFTIRLIT	Á ekki við
Skýring	Hreppurinn eyðir mink og ref, ég veit ekki annað en að dýraeftirlit hafi verið í höndum Mast árum saman og sveitarfélög löngu hætt að hafa þann verkþátt hjá sér
VARNARLÍNUR VEGNA BÚFJÁRSJÚKDÓMA	Á ekki við
Skýring	Við erum í miðju Skjálfandahólfi. Varnarlínurnar eru annarsvegar Jökulsá á Fjöllum og hinsvegar Skjálfandafljót. Ekki einu sinni Sigurður Ingi getur haft áhrif á svo völdugar varnarlinur.
FJALLSKIL	Sveitarfélagið
FRÁVEITUR	Sveitarfélagið
VATNSVEITUR	Á ekki við
Skýring	Það er sér kaldavatnslögn á hvern og einn bæ sem íbúarnir sjá um, undanskilin er lögnin í félagsheimilið Sólvang en hún er rekin í samstarfi við íbúa á Hallbjarnarstöðum þar sem félagsheimilið stendur
ÝMIS VERKEFNI Á SVIÐI NÁTTÚRUVERNDAR	Sveitarfélagið
MENGUNARVARNIR	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Söfnun og meðferð úrgangs og sorps

Landgræðsla

Heilbrigðiseftirlit

Dýravernd og dýravelferð

Meindýraeyðing, dýraeftirlit

Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma

Fjallskil

Fráveitur

Vatnsveitur

Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar

Mengunarvarnir

Þjónusta sveitarfélagsins

Þetta finnst okkur nú sumpart furðulegur flokkur. Eftirlit með dýrahaldi, forðagæsla og þessháttar hefur ekki verið á höndum sveitarfélaga lengi. Ekki hér um slóðir allavega og það hlýtur þá að eiga við allt landið. MAST sér um þessi mál frá a-ö eins og allir sem fylgjast með fréttum ættu að vita. Eins er landgræðsla ekki neitt frekar í höndum sveitarfélaga en annarra frekar en þau kjósa og sama gildir um kaldavatnslagnir á hvern bæ og mögulega fleira. En ef við fengjum einhverjar skyldur í þessa veru mundi ekki standa á okkur að uppfylla þær.

En annars er sorpið boðið út í samstarfi við Norðurþing eins og áður sagði, hreppurinn sér um mink og ref, fjallskil og fleira.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Það á ekki við um neitt hér nema Heilbrigðiseftirlit sem rekið er saman af öllum sveitarfélögum saman í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu. Við getum haft áhrif á þann samning þegar hann er endurnýjaður en við höfum aldrei gert það enda sátt um þjónustuna.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

GoPro Self Service / Síða 8

Nei hreint ekki. Þvert á móti er ljóst að minka og refaeyðingu yrði sinnt verr en nú er enda er sú raunin í okkar

FRAMKVÆMDIR

GATNAGERÐ	Á ekki við
Skýring	Ekkert þéttbýli í hreppnum
LAGNING OG VIÐHALD VEGA OG STÍGA	Á ekki við
Skýring	Engir formlegir vegir eða stígar í hreppnum sem eru á forræði hans
Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu? Gatnagerð Lagning og viðhald vega og stíga	
Þjónusta sveitarfélagsins	Á ekki við
Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?	
Lýsing	Á ekki við
Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?	
Lýsing	Augljóslega engin tækifæri

VERKEFNI SEM SVEITARFÉLÖGUM ER HEIMILT AÐ SINNA

Eftirfarandi eru algeng verkefni sem sveitarfélögum er heimilt að sinna en ber ekki skylda til, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga. Vinsamlega gerið grein fyrir því hvort og hvernig sveitarfélagið sinnir eftirfarandi verkefnum.

ALMENNINGSAMGÖNGUR	Engin starfsemi
REKSTUR HITAVEITU	Engin starfsemi
HOLRÆSAMÁL	Engin starfsemi
MENNINGARSTYRKIR	Engin starfsemi
REKSTUR SAFNA	Í samvinnu
REKSTUR NÁTTÚRUSTOFU	Í samvinnu
REKSTUR RAFMAGNSVEITNA	Engin starfsemi
REKSTUR DAGDVALAR FYRIR ALDRAÐA	Í samvinnu
REKSTUR TÓNLISTARSKÓLA	Engin starfsemi
FRÍSTUNDASTYRKIR	Sveitarfélagið
FRÍSTUNDAHÚS	Engin starfsemi
REKSTUR SUNDLAUGA	Engin starfsemi
KYNNINGARSTARFSEMI	Engin starfsemi
FERÐAMÁLAPJÓNUSTUNA	Í samvinnu
REKSTUR ÍPRÓTTAMANNVIRKJA	Engin starfsemi
ÍPRÓTTAPJÓNUSTA	Engin starfsemi
NÝSKÖPUNARSTYRKIR	Engin starfsemi

Hvernig er verkefnum/þjónusta að ofangreindu tagi sinnt? (stutt greinargerð fyrir hvert verkefni)

Hér er bæði vísað í verkefni á listanum og hugsanleg önnur ólögbundin verkefni.

[Almenningssamgöngur](#)
[Rekstur hitaveitu](#)
[Holræsamál](#)
[Menningarstyrkir](#)
[Rekstur safna](#)
[Rekstur náttúrustofu](#)
[Rekstur rafmagnsveitna](#)
[Rekstur dagdvalar fyrir aldraða](#)
[Rekstur tónlistarskóla](#)
[Frístundastyrkir](#)
[Frístundahús](#)
[Rekstur sundlauga](#)
[Kynningarstarfsemi](#)
[Ferðamálaþjónusta](#)
[Rekstur íþróttamannvirkja](#)
[Íþróttapjónusta](#)
[Nýsköpunarstyrkir](#)

Ólögbundin verkefni

Nokkuð af þessu á ekki við, svo sem rekstur hitaveitu (er ekki fyrir hendi) og holræsamál (eru engin enda ekkert þéttbýli). Ekki hefur verið framlag til almenningssamgna eftir misheppnað verkefni í þá veru sem var í samrekstri með Eyþingi á sínum tíma. Allir styrkir eru afgreiddir af hreppsnefnd sérstaklega, hvort sem þeir eru á sviði menningar, nýsköpunar eða einhvers annars ef frá eru taldir frístundastyrkir sem eru veittir hér hærrí en í nágrennasveitarfélaginu. Söfn, Náttúrustofa, ferðamálaþjónusta og reyndar fleira er rekið í samvinnu við aðra. Skólar og fleira tengt þeim ásamt íþróttaaðstöðu er til staðar á Húsavík og leigt af Norðurþingi. Hreppurinn hefur stundum tekið þátt í hverskyns kynningarstarfsemi en það er ekkert sem regla er á.

Tekur sveitarfélagið þátt í rekstri fyrirtækja? Ef svo er, með hvaða hætti?

Lýsing

Við reukum Dvalarheimili aldraðra á Húsavík ásamt Þingeyjarsveit og Norðurþingi. Svo erum við hluthafar í Greiðri leið og Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga (aflagt). Annars ekkert en við eigum reyndar Hjörness ehf sem verður brátt afskrifað en félagið var stofnað í kringum leit að heitu vatni hér í hreppnum.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnið samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Sama svar og fyrr, annaðhvort er þetta samningur sem er reglulega endurskoðaður og hreppnum gefinn kostur á eðlilegu samtali um breytingar eða samrekstur eins og í tilfalli Dvalarheimilis aldraðra og þar á hreppurinn stjórnarmeðlim og hefur öll tök á að hafa áhrif.

LÖGBUNDNAR STEFNUR, ÁÆTLANIR OG SAMÞYKKTIR

Hefur sveitarfélagið sett sér jafnréttisáætlun?	Já
Hvenær tók áætlunin gildi?	16.04.2019
Hefur sveitarfélagið sett sér húsnæðisáætlun?	Já
Hvenær tók áætlunin gildi?	04.04.2023
Hefur sveitarfélagið samþykkt aðalskipulag?	Já
Hvenær tók skipulagið gildi?	01.05.2008
Hefur sveitarfélagið sett sér samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins?	Já
Hvenær tók samþykktin gildi?	01.05.2000
Hefur sveitarstjórn sett sér siðareglur?	Nei
Hvers vegna ekki?	Það hefur ekki þótt ástæða til þess enda aldrei komið upp ágreiningsefni í hreppnum er varða siðareglur.
Hefur sveitarfélagið sett sér málstefnu ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Það hefur ekki þótt ástæða til þess enda aldrei komið upp ágreiningsefni í hreppnum er varða siðareglur.
Hefur sveitarfélagið sett sér byggðastefnu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Það er eining um það meðal íbúa að tilgangur sveitarfélagsins er að gera betur við íbúa sína en gengur og gerist og það er upplifun þeirra. Það er okkar byggðastefna og við hana munum við standa áfram þó svo útlitið megi vera bjartara.
Hefur sveitarfélagið samþykkt viðbragðsáætlun almannavarnanefndar?	Já
Hvenær tók áætlunin gildi?	18.03.2020
Hefur sveitarfélagið sett sér brunavarnaráætlun?	Já
Hvenær tók áætlunin gildi?	01.05.2014
Hefur sveitarfélagið sett sér loftslagsstefnu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Allt svona er unnið í hverju tilfelli fyrir sig í samningum um sorphirðu og fleira. Reksturinn er svo lítil að það er kjánalegt að leggja í vinnu við einhverskonar stefnu sem ekkert á við, heilbrigð skynsemi hlýtur að mega ráða ferðinni.
Hefur sveitarfélagið sett sér samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Þetta er í samningum við sorphirðufyrirtæki hvers tíma og farið eftir landslögum í þeim efnum
Hefur sveitarfélagið sett sér svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs?	Nei
Hvers vegna ekki?	Þetta er í samningum við sorphirðufyrirtæki hvers tíma og farið eftir landslögum í þeim efnum
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Það hefur aldrei reynt á fjárhagsaðstoð í sögu hreppsins svo elstu menn muni
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um stuðningsjónustu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Það er metið af oddvita í hverju tilfelli fyrir sig í samstarfi við Félagsþjónustu Norðurlþings og í öllum tilfellum farið eftir þeirra tillögu
Hefur sveitarfélagið sett sér skólastefnu ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Vegna þess að öll skjólaþjónusta er aðkeypt af Norðurlþingi og gildir því skólastefna Norðurlþings fyrir okkar nemendur sem og þeirra
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um sérstakan húsnæðisstuðning?	Nei
Hvers vegna ekki?	Ekkert leiguhúsnæði hér í hreppnum ef frá eru talin tvö lítil íbúðarhús sem eru í einkaeigu. Ekki er íþyngjandi leiguverð hér á svæðinu og engin þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um úthlutun félagslegs húsnæðis?	Nei
Hvers vegna ekki?	Ekkert félaasleat húsnæði í hreppnum og aldrei komið fyrir þeim

LÖGBUNDNAR NEFNDIR

Eru eftirfarandi lögbundnar nefndir starfandi í sveitarfélaginu? Ef, ekki, hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?

Almannavarnarnefnd	Já
Félagsmálanefnd	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	Störf félagsmálanefndar eru framvísað til sveitastjórnar sem fer með ákvarðanavaldið í þeim efnum.
Jafnréttisnefnd	Já
Kjörstjórn	Já
Náttúruverndarnefnd	Já
Nefnd um málefni leikskóla	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	Engin leikskóli í sveitarfélaginu og sú þjónusta aðkeypt í Norðurþingi. Við höfum áheyrnarfulltúrúa í fagnefnd Norðurþings þegar kemur að þessum málum.
Notendaráð vegna félagsþjónustu sveitarfélagsins	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	Sama og félagsmálanefndin.
Skipulagsnefnd	Já
Skólanefnd	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	Sama og leikskólanefndin.
Stjórn almenningsbókasafns	Já
Ungmennaráð	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	Ekki hægt að manna hana.
Öldungaráð	Já

Sameiningarkostir

TÆKIFÆRI TIL SAMEININGAR VIÐ ANNAÐ/ÖNNUR SVEITARFÉLÖG

Hvaða sameiningarkostir koma helst til greina?

Engin. En ef það yrði sameinað er Norðurþing augljósi kosturinn.

Hvaða tækifæri mun fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs hafa í för með sér fyrir sveitarfélagið vegna þeirra sameiningakosti sem koma til greina?

Engin, sá stuðningur færir allur í að greiða niður tröllauknar skuldir Norðurþings eða önnur útgjöld í Norðurþingi. Gulrótin er fyrir hendi fyrir Norðurþing en ekki fyrir hendi fyrir íbúa Tjörneshrepps enda mundi sameining þýða aukna skattheimtu og meiri útgjöld á hvert heimili án þess að fá neitt í staðinn.

Hvaða áskoranir hafa þessir sameiningarkostir í för með sér?

Ekki gott að segja, en aðallega snýst þetta um peninga og hvernig ætti mögulega að bæta íbúum Tjörneshrepps þá miklu íþyngingu fjárhagslega sem fylgir sameiningunni án þess að fá neina auka þjónustu í staðinn.

Hefur sveitarfélagið áður verið í viðræðum við annað/önnur sveitarfélög um hugsanlega sameiningu eða eru slíkar viðræður í bígerð?

Nei. Kosið var um mögulega sameiningu síðast 2005 og ekkert samtal hefur verið síðan þá.

Hvaða stjórnskipulag gæti komið til greina við myndun nýs sveitarfélags, t.a.m. fjölgun í sveitarstjórn eða aukið vald til nefnda sem færu með málefni afmarkaðra svæða (heimastjórnir)?

Alls ekki fjölgun, einfalt kerfi sem auðvelt er að manna með fáum nefndum. Fækka þyrfti í sveitarstjórn ef miðað er við núverandi fjölda í Norðurþingi enda alltof kostnaðarsamt eins og staðan er í dag.

Hvaða lýðfræðilegu veikleikar/styrkleikar myndu felast í þeim sameiningarkostum? Veljið viðkomandi sveitarfélag og helsta sameiningarkost/í í flettistikunni.

Hvaða tækifæri hafa þessir sameiningarkostir í för með sér í tengslum við uppbyggingu þjónustu, fjölbreyttari atvinnutækifæri, aukinn félagsauð, öflugri stjórnsýslu og aðra mikilvæga þætti í starfsemi sveitarfélagsins? Við sjáum engin tækifæri.

Hefur sameining við annað eða önnur sveitarfélög í för með sér tækifæri til hagræðingar? Ef svo er, á hvaða sviðum og hversu mikla?

Ég dreg verulega í efa að til sé hagkvæmari stjórnsýsla en í Tjörneshreppi. Hér í nágrannasveitarfélögum okkar er í það minnsta ljóst að kostnaður vegna stjórnsýslu er afar verulegur og alltof hár.

Hvaða tækifæri til umbóta innan sveitarfélagsins gæti sú hagræðing haft í för með sér?

Við sjáum enga hagræðingu enda mundi þetta þýða stórvaxandi kostnað á hvert heimili. Sá sem þetta skrifar mun til dæmis ekki sjá lengur tilgang í búsetu hérna og setja eign sína á sölu ef til sameiningar kemur.